



Halldóra, Fjóla Dögg, Hjalti og Birna í skemmtigarði í Skotlandi

FÆÐIR VOR

Nú ertu leidd, mín ljúfa,
lystigarið Drottins í,
þar áttu hvíld að hafa
hörmunga' og rauna frí,
við Guð þú mátt nú mæla,
miklu fegri' en sól
unan og eilíf sæla
er þín hjá lambsins stól.

MOLDUN

Drottins í dýrðarhendi,
Drottins barn, sofðu vært,
hann sem þér huggun sendi,
hann elskar þig svo kært.
Þú lifðir góðum Guði,
í Guði sofnaðir þú,
í eilífum andar friði
ætið sæl lifðu nú.

Texti: Hallgrímur Pétursson / Lag: Antwerpen 1540 Breytt 1840



Birna og Hjalti í siglingu á Loch Ness



Birna ásamt Fjólu í eldhúsvörkum



Birna heldur á sonardóttur sinni á skírnardag Mariu

BLESSUN

EFTIRSPIL

Prestur: sr. Gunnar Stígur Reynisson
Organisti: Guðlaug Hestnes
Kór: Stakir jakar
Einsöngur: Einar Páll Benediktsson
Umsjón: Örn Arnarson og Einar Árni Kristjánsson

Fjölskyldan þakkar auðsýndan hlýhug og vináttu
og býður kirkjugestum að þiggja veitingar
í Mánagarði að athöfn lokinni.

Svarðar Helga



Birna Jensdóttir



Fædd 6. mars 1953
Dáin 8. desember 2024

Útför frá Bjarnaneskirkju,
laugardaginn 14. desember 2024

FORSPIL

SIGNING OG BÆN

Nú legg ég augun aftur,
ó, Guð, þinn náðarkraftur
mín veri vörn í nótt.
Æ, virst mig að þér taka,
mér yfir láttu vaka
þinn engil, svo ég sofi rótt.

Foersom - Sb. 1871 - Sveinbjörn Egilsson

Ég fel í forsjá þína,
Guð faðir, sálu mína,
því nú er komin nótt.
Um ljósið lát mig dreyma
og ljúfa engla geyma
öll börnin þín, svo blundi rótt.

Matthías Jochumsson - P. C. Crossing

RITNINGARLESTUR

Fram í heiðanna ró
fann ég bólstað og bjó,
þar sem birkið og fjalldrapinn grær.
Þar er vistin mér góð,
aldrei heyrðist þar hnjóð,
þar er himinninn víður og tær.

Heiðarbóli ég bý.
Þar sem birkið og fjalldrapinn grær.
Þar er vistin mér góð,
aldrei heyrðist þar hnjóð,
þar er himinninn víður og tær.

Mörg hin steinhljóðu kvöld,
upp í stjarnanna fjöld
hef ég starað í spyrjandi þrá:
Skildi dýrðin í geim
bera' af dásemdum þeim,
sem vor draumfagri jarðheimur á?

Heiðarbóli ég bý.
Þar sem birkið og fjalldrapinn grær.
Mundi dýrðin í geim
bera' af dásemdum þeim,
sem vor draumfagri jarðheimur á?

Þetta loft er svo hreint.
Finnið þytmjúkan þey
- hve hann þyrlar upp anga úr mó.
Nei, ég vildi' ekki borgir
né blikandi torg
fyrir býlið í heiðanna ró.

Heiðarbóli ég bý.
Þar sem birkið og fjalldrapinn grær.
Nei, ég vildi' ekki borgir
né blikandi torg
fyrir býlið í heiðanna ró.

Fríðrik A. Fríðriksson

RITNINGARLESTUR

Í bljúgri bæn og þökk til þín
sem þekkir mig og verkin mín.
Ég leita þín, Guð, leiddu mig
og lýstu mér um ævistig.

Ég reika oft á rangri leið,
sú rétta virðist aldrei greið.
Ég geri margt sem miður fer
og man svo sjaldan eftir þér.

Sú ein er bæn í brjósti mér
ég betur kunni þjóna þér,
því veit mér feta veginn þinn
að verðir þú æ Drottinn minn.

Lag: amerískt þjóðlag, ljóð Pétur Þórarinnsson

BÆN

Hafið bláa hafið hugann dregur,
hvað er bak við ystu sjónarrönd?
Þangað liggur beinn og breiður vegur;
bíða mín þar æsku draumalönd.
Beggja skauta byr
bauðst mér ekki fyrr.
Brunaðu nú bátur minn,
svífðu seglum þöndum,
svífðu burt frá ströndum,
fyrir stafni haf og himininn.

Lag: Fríðrik Bjarnason / Texti: Örn Arnarson

GUÐSPJALL

EINSÖNGUR

Ég hef lesið

Ég hef lesið um ljómandi höllu
ofar lágreistum manna söllum,
fold með iðgrænum blómskrýddum böllum;
brátt ég fæ, brátt ég fæ vera þar.

Hallelúja, Guðs herskarar syngja,
Hallelúja frá jörðinni ómar.
Vilji sporin mín vegraunir þyngja
veit ég senn, veit ég senn er ég þar.

Ég hef lesið um land þar sem enginn
lengur þjáist af sjúkdómastríði,
engin styrjaldarangistarkvíði,
innan skamms, innan skamms verð ég þar.

Hallelúja, þá hjörtu vor fagna
Hallelúja, öll vantrú er farin
Sérhver freistingarrödd þá mun þagna;
þar hjá Guði um eilífð ég er.

Ég hef lesið um ljósbjartan sknúða
Lífsins kórónu gullinu skærri
Dýrð sem allri mannshugsun er hærrí;
þar ég heima á senn, heima senn

Hallelúja, í heilögum anda
Hljómar til mín frá eilífðarströndum
Ég finn bresta í jarðlífsins böndum
Brátt hjá Jesú, hjá Jesú ég er
Brátt hjá Jesú, hjá Jesú ég er

MINNINGARORÐ

Minni Hornafjarðar

Fagra sveit með fjöllin há
faðmi jökla vaðin svölum.
Alltaf ertu söm að sjá
sveitin kæra, fjöllin há
bera hátt við himin blá
hvítan faldinn yfir dölum.
Fagra sveit með fjöllin há
faðmi jökla vafin dölum.

Engin grænu áin tær,
eftir slétum kvíslast víða.
Blómafjöld í brekku grær
af bergi steypist fossinn tær.
Blítt á móti manni hlær
myndin þessi undrafríða.
Enginn græn og áin tær
er um sléttur kvíslast víða.

Hornafjörður fagra sveit
Framtíð þín drottinn blessi.
Eins og sólin himinsheit
Hornafjörður kæra sveit.
Lífgar frjó í freðnum reit
Frelsisgeislar börn þín hressi.
Hornafjörður fagra sveit
Framtíð þína drottinn blessi.

Texti: Hjalti Jónsson /Lag: Bjarni Þorsteinsson

BÆN

Dag í senn, eitt andartak í einu,
eilíf náð þín, faðir, gefur mér.
Mun ég þurfa þá að kvíða neinu,
þegar Guð minn fyrir öllu sér?
Hann sem miðlar mér af gæsku sinni
minna daga skammti' af sæld og þraut,
sér til þess, að færa leið ég finni
fyrir skrefið hvert á lífs míns braut.

Hann, sem er mér allar stundir nærri,
á við hverjum vanda svar og ráð,
máttur hans er allri hugsun hærrí,
heilög elska, viska, föðurnáð.
Morgundagsins þörf ég þekki eigi,
það er nóg, að Drottinn segir mér:
Náðin mín skal nægja hverjum degi,
nú í dag ég styð og hjálpa þér.

Guð, ég fæ af fyrirheitum þínum
frið og styrk, sem ekkert buga má.
Auk mér trú og haltu huga mínum
helgum lífsins vegi þínum á,
svo að ég af hjartaþeli hreinu,
hvað sem mætir, geti átt með þér
daginn hvern, eitt andartak í einu,
uns til þín í ljóssins heim ég fer.

Sandell-Berg - Sigurbjörn Einarsson